



KRISTNIBOÐSSAMBANDIÐ

SAMBAND ÍSLENSKRA KRISTNIBOÐSFÉLAGA

Verkefni samstarfsaðila á sviði þróunarsamvinnu

Um framkvæmd, ábyrgð, eftirlit, meðferð fjármuna, gegnsæi, upplýsingagjöf og uppgjör.

(tillaga til samþykktar)

Þegar um stærri verkefni er að ræða (meira en 2 milljónir ISK) skal eftirfarandi gilda:

- 1) SÍK gerir samning við samstarfs- og framkvæmdaraðila. Þar kemur fram verkefnislýsing, upphæð sem veitt er, hlutur samstarfsaðila ef við á, tímarammi, ákvæði um ábyrga meðferð fjármuna, gegnsæi, endurskoðun, upplýsingagjöf og endurskoðun reikninga. Eins kemur skýrt fram hversu hátt hlutfall rennur til framkvæmdaraðila vegna umsjónar verkefnisins.
- 2) Ábyrgð á verkefnum er á höndum framkvæmdastjóra SÍK sem fylgir settum reglum um verkefnið í samræmi við reglur þessar.
- 3) Ef kostnaðarrammi verkefnisins er hærri en 5 milljónir ISK er fjármagni skipt í tvær greiðslur eða fleiri eftir því sem við á. Áður en næsta greiðsla er innt af hendi skal samstarfsaðili senda skýrslu um framvindu verkefnisins og notkun fjár. Undanþága frá þessu skal samþykkt af stjórn SÍK.
- 4) Upplýsa skal fjármögnunaraðila hér heima, ef við á, um framvindu mála á sama hátt og skýrslur berast frá samstarfsaðila.
- 5) Þegar tækifæri er til skal fulltrúi SÍK sannreyna skýrslur, notkun fjármagns og gæði verkefna á vettvangi.
- 6) Að loknu verkefni skal skila skýrslu og bókhaldsreikningi vegna þess. Þegar um er að ræða fé frá opinberum aðilum skal bókhald endurskoðað af löggildum endurskoðanda sem uppfyllir alþjóðlega staðla og er viðurkenndur sem slíkur.
- 7) Að loknu verkefni skal senda fjármögnunaraðila eða -aðilum skýrslu um verkefnið, notkun fjármagns og gagnsemi þess. Einnig skal leitast við að kynna það á vefsíður SÍK, samfélagsmiðlum og í Kristniboðsfréttum.

Samþykkt af stjórn SÍK 8. nóvember 2021